

Nd.

99. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 61. löggjafarþingi, 1942.)

1. gr.

Við alþingiskosningar þær, er fram eiga að fara 18. og 19. okt. 1942, skulu öll framboð í kjördæmum tilkynnt hlutaðeigandi yfirkjörstjórn skriflega og eigi síðar en 28 dögum fyrir kjördag. Þegar landslistar eru bornir fram, skulu þeir tilkynntir landskjörstjórn á sama hátt og eigi síðar en 27 dögum fyrir kjördag.

2. gr.

Þeir kjósendur, er neyta vilja kosningarréttar síns utan kjörfundar við alþingiskosningar 18. og 19. okt. 1942, eiga rétt á að greiða atkvæði úr því að 25 dagar eða styttri tími er til kjördags, en fari kosningin fram fyrir þann tíma, er hún ógild. Atkvæði telst greitt þann dag, sem fylgibréfið er dagsett.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir:

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 80 7. sept. 1942,
um kosningar til Alþingis.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að nauðsyn beri til að stytta fresti þá, er um ræðir í 26. og 66. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, við kosningar þær, er fram eiga að fara 18. og 19. okt. 1942.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Við alþingiskosningar þær, er fram eiga að fara 18. og 19. okt. 1942, skulu öll framboð í kjördæmum tilkynnt hlutaðeigandi yfirkjörstjórn skriflega og eigi síðar en 28 dögum fyrir kjördag. Þegar landslistar eru bornir fram, skulu þeir tilkynntir landskjörstjórn á sama hátt og eigi síðar en 27 dögum fyrir kjördag.

2. gr.

Þeir kjósendur, er neyta vilja kosningarréttar síns utan kjörfundar við alþingiskosningar 18. og 19. okt. 1942, eiga rétt á að greiða atkvæði úr því að 25 dagar eða styttri tími er til kjördags, en fari kosningin fram fyrir þann tíma, er hún ógild. Atkvæði telst greitt þann dag, sem fylgibréfið er dagsett.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Þingvöllum, 15. sept. 1942.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Jakob Möller.